

Íbúalýðræði – samráð við íbúa

Í 10. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um samráð við íbúa og rétt þeirra til að hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins. Sá réttur er ekki eingöngu bundinn við það að kjósa fulltrúa í sveitarstjórn á fjögurra ára fresti. Þetta eru ákvæði sem koma inn í lögina árið 2011 og eru enn að slípast til. Í lögnum er bent á að áhrif íbúa megi m.a. tryggja með:

1. virkri upplýsingagjöf til íbúanna,
2. samráði við íbúa, svo sem á borgarafundum eða íbúáþingum og í íbúakosningum,
3. skipun íbúa- og notendaráða.

Rafræn stjórnsýsla

Í dag er upplýsingagjöf orðin tiltölulega einföld. Flest sveitarfélög hafa heimasíðu þar sem hægt er að afla ýmissa upplýsinga um starfsemi þess. Öll sveitarfélögin í A-Hún hafa t.d. slíkar síður.

Stjórnsýsla margra sveitarfélaga er einnig orðin rafræn að stórum hluta og geta íbúar sótt um þjónustu í gegnum íbúagátt og fylgst með meðferð og afgreiðslu sinna mála þar. Rafræn stjórnsýsla eykur einnig möguleika íbúanna á aðkomu að stefnumörkun og ákvarðanatöku. Í stuttu máli má segja að rafræn stjórnsýsla snúist um það að nota upplýsingartækni til að auka þjónustu við íbúana og fyrirtækin í sveitarfélaginu.

Mörg sveitarfélög eru með Facebook-síðu til að ná betur til íbúanna og koma þannig upplýsingum og fréttum á framfæri. Flestir grunnskólar nota líka upplýsingartækni til að eiga í samskiptum við foreldra.

Íbúafundir og íbúakosningar

10% af þeim sem búa í sveitarfélagi geta óskað eftir íbúafundi til að ræða mál sem brennur á þeim og verður sveitarstjórnin að verða við þeirri ósk svo fljótt sem unnt er. Samkvæmt lögnum geta líka **20%** íbúanna kallað eftir íbúakosningu um mál sem þeir vilja e.t.v. sjá afgreitt á annan veg en sveitarstjórn hefur gert, eða áformar að gera. Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykktum sínum að hlutfall þeirra sem óska eftri íbúakosningu sé hærra en 20% en aldrei er þó hægt að krefjast þess að meira en þriðjung íbúa þurfi til að kalla eftir íbúakosningu um ákveðið málefni.

Þessi ákvæði laganna um íbúafundi og íbúakosningar eru mikil vörn fyrir minni hluta gagnvart ofríki meirihluta og eru til þess fallin að veita sveitarstjórn aðhald. Til lengri tíma má ætla að þessi ákvæði verði til þess að sveitarstjórnir vandi ákvarðanatöku meira í stærri málum og leiti þá til íbúa á fyrri stigum.

Notendaráð

Hægt er að skipa notendaráð vegna starfsemi þar sem sveitarstjórn vill eiga gott samstarf við þá sem eiga að njóta þjónustunnar, t.d. um þjónustu við eldri borgara. Markmiðið er að gefa notendum þjónustunna kost á að hafa bein áhrif á hana, bæði um stefnumörkun og þjónustu.